

# Málvísindi (ÍSLE2MV05)

**Kennari:** Eiríkur Gauti Kristjánsson

**Málvísindi** eru kennd þrjár stundir á viku í 5. bekk formáladeildar. Námskeiðið skiptist í tvo jafnstóra hluta:

## A. Haustmisseri: Almenn málvísindi

Markmiðið er að veita nemendum haldgott yfirlit um grunnþætti málvísinda. Stefnt er að því að nemendur þjálfist í notkun málfræðilegra hugtaka (á íslensku og erlendum málum) og lestri fræðilegs efnis um málfræði (á íslensku og erlendum málum). Lesefni:

- Haraldur Bernharðsson. 2011. *Inngangur að almennum málvísindum*. 3. útgáfa Reykjavík. [Fjölrit fánlegt í bóksölu MR; ekki er hægt að nota eldri útgáfur.]

## B. Vormisseri: Söguleg málvísindi

Markmiðið er að kynna helstu rannsóknaraðferðir í sögulegum málvísindum og fjalla um helstu tegundir málbreytinga. Lesefni:

- Haraldur Bernharðsson. 2011. *Inngangur að sögulegum málvísindum*. 3. útgáfa. Reykjavík. [Fjölrit verður fánlegt í bóksölu MR; ekki er hægt að nota eldri útgáfur.]

## Kennslufyrirkomulag

Kennsla verður að langmestu leyti í formi óformlegra fyrirlestra og ætlast til mikillar þátttöku nemenda í umræðum um lesefnið. Auk stuttra skyndiprófa verður haldið skriflegt miðannarpróf á hvoru misseri og lögð fyrir heimaverkefni úr námsefninu. Til að ná árangri er brýnt er að nemendur lesi jafnt og þétt og vinni öll verkefni af kostgæfni.

## Námsgögn

Fjölritað kennsluefni, fánlegt í bóksölu MR.

## Námsmat

Námsmat er tvíþætt, gefin er **námseinkunn** og **einkunn fyrir stúdentspróf**. Námseinkunn vegur helming (50%) af lokaeykunn á móti einkunn fyrir frammistöðu á skriflegu stúdentsprófi.

Námseinkunn er samsett eins og hér segir:

- heimaverkefni og skyndipróf: 40%
- tvö miðannarpróf (eitt á hvoru misseri): 30%
- haustmisserispróf (jólapróf): 30%

Skriflegt stúdentspróf verður haldið í maí úr **öllu námsefni vetrarins**. Efni haustmisseris og vormisseris hefur þar jafnt vægi.